

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/31/19

frá 22. september 2000

um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB gagnvart fjarskiptabúnaði um borð í skipum sem ætlaður er til uppsetningar í hafskip sem ekki falla undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og sem ætlaður er til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfið) og fellur ekki undir tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 2719)

(2000/638/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽¹⁾, einkum e-lið 3. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/85/EB ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Allmörg aðildarríki hafa komið á eða hyggjast koma á sameiginlegum meginreglum um öryggi og reglum um þráðlausan fjarskiptabúnað á hafskipum sem falla ekki undir SOLAS-samþykktina (alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafi úti).
- 2) Með samhæfingu í þráðlausri fjarskiptaþjónustu skal stuðlað að öruggari siglingum hafskipa, sem falla ekki undir SOLAS-samþykktina, í neyðartilvikum og þegar veðurskilyrði eru slæm.
- 3) Í dreifibréfi 803 frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) um þátttöku skipa, sem falla ekki undir SOLAS-samþykktina, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) og með ályktun í dreifibréfi 77(69) frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni eru ríkisstjórnir hvattar til að beita viðmiðunarreglum um þátttöku skipa, sem falla ekki undir SOLAS-samþykktina, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó og leggur að ríkisstjórnun að gera kröfu um að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem komið er fyrir í skipum sem falla ekki undir SOLAS-samþykktina, hafi tiltekna eiginleika að því er varðar hið alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi í fjarskiptum á sjó.
- 4) Búnaður, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 96/98/EB um búnað um borð í skipum, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/85/EB, fellur ekki undir þessa ákvörðun þar sem hún fellur utan gildissviðs tilskipunar 1999/5/EB.

5) Í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) eru tilgreind ákveðin tíðnisvið sem er úthlutað til notkunar í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó.

6) Allur þráðlaus búnaður, sem er starfræktur á þessum tíðnisviðum og ætlaður er til nota í neyðartilvikum, skal samrýmast þeirri notkun tíðnisviða sem tiltekin er og viðunandi ábyrgðartrygging skal vera fyrir því að hann virki rétt í neyðartilvikum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um þráðlausan fjarskiptabúnað sem er starfræktur í:

- i) strandarstöðvaþjónustu, eins og hún er skilgreind í grein S1.28 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, eða
- ii) farstöðvaþjónustu við skip um gervitungl, eins og hún er skilgreind í grein S1.29 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins,

sem ætlaður er til uppsetningar í hafskipum sem falla ekki undir ákvæði IV. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), eins og honum var breytt 1988 (skip sem falla ekki undir alþjóðasamninginn um öryggi mannlífa á hafinu),

og er ætlað að vera hluti af hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó eins og mælt er fyrir um í IV. kafla SOLAS- samþykktarinnar.

2. gr.

Þráðlaus búnaður, sem fellur undir gildissvið 1. gr., skal þannig gerður að tryggt sé að hann virki rétt við siglingar á sjó, uppfylli allar kröfur um starfhæfni í GMDSS-kerfinu í neyðartilvikum og geri skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg, að því er varðar hliðrænt eða stafrænt fjarskiptasamband.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtuð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 52, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2001 frá 9. nóvember 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 20.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 315, 25.11.1998, bls. 14.

3. gr.

Kröfurnar, sem settar eru fram í 2. gr. þessarar ákvörðunar, skulu gilda frá þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.
